



Fundargerð

31. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu Borg, 30. október 2025 kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra

Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar

Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Gjaldskrá Kerhólsskóla

Gjaldskrá Kerhólsskóla var lögð fram til yfirferðar.

Mánaðargjaldið var uppfært með verðlagsreiknivél Hagstofunnar. Skólanefnd leggur til að einfalda framsetningu verðskrár og að hún verði sett upp á eftirfarandi hátt:

<i>Tímafföldi vistunar á dag</i>	<i>Mánaðargjald án afsláttar</i>	
4	9.300	
5	11.700	
6	14.000	
7	17.800	6 klst. á föstudögum
8	21.400	6 klst. á föstudögum



4 tíma vistun á dag er lágmarksvistun.

Hver hafin klukkustund í vistun telur sem ein klukkustund. Þannig að til dæmis ef vistun er 4 tímar og 15 mínútur þá borgar viðkomandi gjaldið fyrir 5 tíma.

Þannig einfaldast allir útreikningar á kostnaði foreldra við vistun í leikskólanum.

Gjald fyrir skráningardaga er 2.500 krónur á hvern skráningardag.

Ef sótt er of seint í leikskóla eða frístund eða komið með barn of snemma þá kostar hverjar byrjaðar 15 mínútur 1.000 krónur.

Hver klukkustund í frístund er á 400 krónur.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn.

Systkinaafsláttur frístundar er samtengdur systkinaafslætti dagvistunargjalda leikskóladeildarinnar.

20% afsláttur er í boði fyrir einstæða foreldra.

20% afsláttur er í boði ef annað foreldri er í fullu námi en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Mötuneytið er gjaldfrjálst fyrir börn í Kerhólsskóla.

2. Fjárhagsáætlun fyrir 2026

Farið var yfir fjárhagsáætlunarvinnu sem er í gangi með sveitarstjóra. Stórar framkvæmdir við skólann verða teknar fyrir í húsnæðisnefnd.

3. Breyting á skóladagatali, erindi frá Skólastjóra

Lögð var fram beiðni frá skólastjóra um að fá leyfi til að ljúka kennslu við Kerhólsskóla klukkan 13:00 miðvikudaginn 19. nóvember 2025 vegna Háskólalestarinnar, kennarasmiðju í Flóaskóla eftir hádegi, sem kennurum Kerhólsskóla hefur verið boðin þátttaka í.

Beiðnin var samróma samþykkt.

4. Háskólalestin

Sagt var frá Háskólalestinni.



Fundur nr. 31 – 30.10.2025

Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Skólahúsnæðið/húsnæðisnefnd

Lagt er til að myglumæla húsnæði skólans vegna kvartana frá starfsfólki og nemendum yfir myglulykt og slæmri líðan.

6. Dagsetning næsta fundar

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 24. nóvember 2025, kl.14:15-16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:32.